


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	NÁT113 - fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Kristján Tryggvason (kristjan@vma.is)	Sk.st.	KTR
----------------	---------------------------------------	---------------	-----

Fjarkennslunni og fjarnáminu er þannig háttað að í hverri viku fær fjarnemi (þú) leiðbeininga- og upplýsingabréf og skilaverkefni send í tölvupósti. Spurningunum í skilaverkefnunum skal svarað fyrir neðan hverja spurningu og verkefnið svo sent til sendanda/mín í tölvupósti. Inni í MOODLE finnast síðan ýmsar upplýsingar um áfangann, m.a. glærur, gagnvirk æfing og lokapróf/prófsýni.


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefn
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Skriflegt lokapróf		80%
Verkefnaskil	12 skilaverkefni en 10 bestu gilda til einkunnar.		20%
	Samtals:		100%

Áfangalýsing: Undirstöðuatriði kortagerðar eru tekin fyrir og nemendur fá t.d. æfingu í að draga hæðarlínur og teikna þversnið. Fjallað er um alheiminn: fjarlægðir, aldur, vetrarbrautir og sólkerfið okkar, samspil jarðar og tungls ásamt mikilvægi jarðmöndulhallans. Uppruni andrúmsloftsins og hafsins eru gerð skil. Innræn öfl eru ígrunduð og í því sambandi rekin þróun landrekskenninga og sérstaða Íslands skoðuð í því ljósi, þ.e. yfirborð stórs möttulstróks þar sem eru að skiljast að tveir stærstu flekar heims. Jarðvarminn, nýting hans og rannsóknir á því hvernig hans er leitað eru kynntar. Farið er í flokkun á yfirborðsbergi og nemendum kynntar algengustu begtegundir storkubergs. Útrænu öflin með vatnið sem megin verkfæri skoðuð og bent á og kynnt hvernig allt okkar umhverfi er mótað af útrænu öflunum. Að lokum er skoðað hvar hagnýt jarðefni eru að finna og hvenær myndað.

Markmið: Geta lesið af korti staðsetningu í bauganeti jarðar, þ.e. breidd og lengd staðar og fá nokkra tilfinningu fyrir mælikvarðum korta. Geta teiknað þversnið eftir korti. Gera sér grein fyrir nútíma hugmyndum um tilurð alheimsins og vita það allra helsta um pláneturnar átta í sólkerfinu okkar. Átta sig á sambandi möndulhallans og árstíðanna sem og samspili jarðar og tungls. Vita hvernig hugmyndin um landrek breyttist og átta sig á hvernig jarðvirknin er tengd flekamörkunum. Vita í grófum dráttum hvernig Ísland myndaðist. Vita það helsta um eldstöðvakerfi, megineldstöðvar, dyngjur og stapa/móbergssfjöll. Geta greint í handsýni hvort um djúpberg eða gosberg sé að ræða og hvort bergið sé súrt eða basískt. Geta áttað sig á því hvaða ytri öfl hafa mótað umhverfið og geta greint á milli helstu rofforma/landmótana. Vita hvernig mismundi jarðefni verða til og hvaða hagnýtu jarðefni er að finna á Íslandi.


Námsgögn: Jarðargæði, Jarðfræði NÁT113. Höf. Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson. IÐNÚ 2003 eða yngra.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	NÁT113 - fjarnám Námsáætlun vorönn 2017	

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
5	2. Kort og kortagerð (bls. 23 - 43). Staðarákvörðun og bauganet jarðar, mæli-kvarðar, hæðarmunur og þversnið.	Skilaverkefni 1 auk spurninganna í lok kaflans.
6 - 7	3. Jörð í alheimi (bls. 44 - 70). Sólkerfið og alheimurinn. Kenningar um tilurð alheims og sólkerfis auk þess sem samspil jarðar og tungls er skoðað.	Spurningar í lok þriðja kaflans. Skilaverkefni 2 og 3 úr þriðja kafla.
8 - 9	Köflum 4-6 er sleppt að öðru leyti en því að fólk geri sér grein fyrir því hvaðan andrúmsloftið og sjórinn eru komin. 7. Hin hvikula jörð (bls. 101 - 120). Almenn um innræn öfl, hvað orsaki varmamyndunina í iðrum jarðar og hvernig útrás varmans til yfirborðs jarðar veldur flekareki, eldvirkni, jarðskjálftum og myndun fellingafjalla.	Spurningar í lok kaflans. Skilaverkefni-4 og MOODLE verkefni úr 7. kafla og skilav. 5.
10	8. Flekarek og eldvirkni Íslands (bls. 121 - 130). Gerð er grein fyrir hugmyndum manna um tilurð Íslands, mismunandi gerðum eldstöðva og áhrifa jökulskeiðanna á mótun eldstöðva. Eldstöðvakerfi og megineldstöðvar.	Skilaverkefni-6 úr 8. kafla auk spurninganna í lok kaflans.
11	10. Jarðskorpan (bls. 159 - 168). Bergtegundum jarð-skorpunnar eru gerð nokkur skil auk þess sem sérstaklega er fjallað um jarðveginn, undirstöðu alls lífs á þurrlendi.	Skilaverkefni-7 úr 8. og 10. kafla auk spurninganna í lok kaflans.
12	9. Að beisla orku jarðvarmans (bls. 131 - 155). Um nýtingu heita vatnsins.	Skilaverkefni-8 úr 9. kafla auk spurninganna í lok kaflans.
13 - 14	13. Vatnið og landið (bls. 201 - 218). Almenn um útrænu öflin. Uppgufun, úrkoma, grunnvatn og mikilvægi vatnsins í veðrun og rofi. Vatnasvið og vatnaskil. Lindár, dragár, jökulár, jökulhlaup, framburður vatnsfalla, gljúfur, gil, fossar og stöðuvötn. Kynningar í viku 44 eða 45	Skilaverkefni 9 og 10 úr 13. kafla auk spurninganna í lok kaflans.
16 - 18	11. Jarðsagan og hagnýt jarðefni (bls. 169 – 182). M.a. um það hvar megi finna ýmis hagnýt jarðefni og hvenær þau mynduðust. 12. Hagnýt jarðefni á Íslandi (bls. 183 – 196). Saga jarðefnavinnslu á Íslandi. Jarðefni til nota í iðnaði, vegagerð og til stíflugerðar. Umhverfisáhrif jarðefnanáms.	Skilaverkefni-11 úr 11. kafla auk spurninganna í lok kaflans. Skilaverkefni-12 úr 12. kafla auk spurninganna í lok kaflans.

Dagsetning: 30. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils